



Skólanámskrá Giljaskóla

2025-2026

Efnisyfirlit

UM SKÓLANN	4
SAGA GILJASKÓLA	4
SÝN OG ÁHERSLUR Í GILJASKÓLA	5
RÉTTINDASKÓLI UNICEF	6
RÉTTINDASKÓLAR BYGGJA Á EFTIRFARANDI GRUNNFORSENDUM:	7
HEILSUEFLANDI GRUNNSKÓLI	7
NÚVITUND	7
NÁM OG KENNSLA	8
TEYMISKENNSLA - TEYMISVINNA	8
NÁMS- OG KENNSLUÁÆTLANIR	9
NÁMSMAT	9
LEIDSAGNARMAT	9
LYKILHÆFNI Í GILJASKÓLA	10
LÆSISTEFNA GILJASKÓLA	11
UMBÓTAÁÆTLUN	15
STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN	15
FORELDRASAMSTARF	15
SAMSKIPTI FORELDRA OG KENNARA	16
ÁGREININGSMÁL	16
HEIMANÁMSSTEFNA — Í ENDURSKOÐUN TAKA ÚT HEIMANÁM ER TIL STAÐAR HEIMALESTUR OG ÖNNUR TILFALLANDI VERKEFNI	17
BEKKJARFULLTRÚAR	18
FORELDRAFÉLAGIÐ	18
SKÓLARÁÐ	19
SKÓLABRAGUR OG AGAMÁL	20
SKÓLAREGLUR	20
SAMSTARF VIÐ ÖNNUR SKÓLASTIG	21
SAMSTARF VIÐ FRAMHALDSSKÓLA	21
SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA OG SKIL Á UPPLÝSINGUM MILLI LEIK- OG GRUNNSKÓLA	21
MÓTTAKA NÝRRRA NEMENDA	22
1. BEKKUR	22
MÓTTAKA NÝRRRA NEMENDA Í 2. - 10. BEKK	22
VIÐMIÐUNARREGLUR UM RANNSÓKNIR OG KANNANIR Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM AKUREYRAR	23
ÁÆTLUN GEGN EINELTI	23
STEFNUYFIRLÝSING GILJASKÓLA	23
HVAÐ ER EINELTI?	24
AÐGERÐATEYMI	24
FORVARNIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR EINELTI	24
FORVARNIR	25
FORVARNARÁÆTLUN AKUREYRARBÆJAR	25

FORELDRAR GEGNA LYKILHLUTVERKI	26
JÁKVÆÐ OG STERK SJÁLFSMYND — VIRÐING FYRIR SJÁLFUM SÉR OG ÖÐRUM	26
ÖRYGGISMÁL	27
Á LEIÐ Í SKÓLANN	27
Í UPPHAFI SKÓLADAGS	27
FRÍMÍNÚTNAGÆSLA	27
NEYÐARUPPLÝSINGAR	27
SLYS EÐA VEIKINDI	28
ÁFALLAHJÁLP	28
ÁFALLATEYMI	28
JAFNRÉTTISÁÆTLUN GILJASKÓLA	28
MARKMIÐ	29
ÁBYRGÐ	29

Um skólann

Giljaskóli stendur við Kiðagil og þjónar íbúðabyggðinni í Giljahverfi. Undirbúningur að byggingu skólans hófst árið 1995 og sama ár hóf skólinn starfsemi sína í húsnæði leikskólans Kiðagils. Hönnun skólahúsnæðis hófst í byrjun árs 1996 og Fanney Hauksdóttir var arkitektinn. Fyrsti áfangi var tekinn í notkun 1. febrúar 1998, annar áfangi á haustdögum 2002. Loks var byggt íþróttahús undir sama þaki og fimleikasalur í íþróttamiðstöð Giljaskóla sem lokið var við að byggja sumarið 2010.

Skólinn er nú 4.719 m² auk íþróttahúss. Heildarflatarmál lóðar er 16.493 m². Fullskipaður getur skólinn hýst um 450 nemendur en í honum eru nú tæplega 400 nemendur. Starfsmenn eru um 80. Í skólanum er sérdeild fyrir fjölfatlaða nemendur. Haustið 2013 var stækkun á húsnæði sérdeildar tekin í notkun. Við það gjörbreyttist aðstaða nemenda og starfsfólks sérdeildar.

Skólastjórar:

Halldóra Haraldsdóttir (1995 – 2003)

Jón Baldvin Hannesson (2003 - 2019)

Kristín Jóhannesdóttir (2019 - 2022)

Elías Gunnar Þorbjörnsson (2023-xxxx)

Saga Giljaskóla

Giljaskóli hóf starfsemi í húsnæði leikskólans Kiðagils haustið 1995 með þrjár kennslustofur, lítið rými fyrir undirbúningsaðstöðu kennara og skrifstofu skólastjóra. Annað starfsmannarými var sameiginlegt með leikskólanum svo og skólalóð. Þegar á öðru ári var húsnæðið orðið of lítið og var þá bætt við lausri kennslustofu.

Í upphafi var stefnt að því að fyrsti hluti byggingaráfanga nýs Giljaskóla yrði tilbúinn haustið 1997 en það gekk ekki eftir. Þá var fyrirséð að skólinn yrði áfram í Kiðagili með viðbótarhúsnæði í sal leikskólans, en auk þess fékkst lítill sumarbústaður sem nýttur var fyrir skrifstofu skólastjórnenda og sem sérkennslurými.

1998 var flutt inn í fyrri hluta fyrsta áfanga nýrrar skólabyggingar, þriggja hæða kennsluálmú. Um haustið var skólinn tilbúinn til notkunar með seinni hluta fyrsta áfanga, stjórnunarrými og skólavistun. Þá var búið að taka í gagnið um 2.100 m² en fullbyggður er skólinn um 4.500 m² auk íþróttahúss. Það var rúmt um nemendur í nýrri skólabyggingu fyrstu tvö árin. Haustið 2000 var skólahúsnæðið orðið of lítið og þá fengust til viðbótar þrjár lausar kennslustofur. 2001 - 2002 var kennt í hverjum kima og settar saman bekkjardeildir. Auk kennslunnar í húsnæði skólans fór fram íþróttakennsla í Oddeyrarskóla og í íþróttahúsi við Laugargötu. Smíðar voru kenndar í Oddeyrarskóla, sundkennsla í báðum laugum bæjarins og að auki var heimilisfræði fyrir elstu nemendur skólans kennd í Oddeyrarskóla.

Um haustið 2002 var skólinn loks fullbyggður, fyrir utan íþróttahús, og voru þá teknar í gagnið langþráðar sérgreinastofur. Giljaskóli er nú einsetinn skóli, kennsla hefst kl. 8:10 að morgni. Frístund (skólavistun) er starfrækt frá því að skóla lýkur til kl. 16:15 á daginn en allan daginn þá daga sem hefðbundið skólastarf fer ekki fram.

Sýn og áherslur í Giljaskóla

Sýn Giljaskóla tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best að tileinka sér til að ná góðum árangri í lífinu. Ný gildi voru valin skólaárið 2024-2025 og eru þau; ábyrgð, virðing og vinsemd.

Merki skólans verður uppfært á næsta skólaári. Gildin eiga að sjást í vinnubrögðum og viðmóti, viðfangsefnum nemenda, vinnubrögðum og hegðun nemenda innan sem utan skólans og samskiptum milli nemenda, kennara og foreldra.

Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla 2011 er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina. Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Stuðst verður við nýjustu útgáfu aðalnámskrár við gerð námsvísa árganga auk þess sem námsmatshópur á vegum Akureyrarbæjar hefur lagt línur varðandi sameiginlega útfærslu á námsmati, þvert á alla grunnskóla á Akureyri.

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða. Þótt grunnþættirnir séu samtvinnuðir hefur hver þeirra sín sérkenni.

Jákvæður skólabragur

Í skólasamfélaginu okkar leggjum við áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag þar sem virðing, umhyggja og ábyrgð eru höfð að leiðarljósi. Við byggjum starf okkar á tveimur meginþáttum: uppbyggingarstefnunni (Restitution) og hugmyndafræði réttindaskóla UNICEF. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á að nemendur öðlist færni í að taka ábyrgð á eigin hegðun og læri að leiðrétta mistök sín. Við höfum innleitt ýmsa þætti í daglegt skólastarf, eins og þarfahringinn þar sem nemendur læra að þekkja grunnþarfir sínar (öryggi, umhyggja, frelsi, gleði og áhrif) og hvernig þeir geta uppfyllt þær á jákvæðan hátt. Nemendur taka þátt í að móta bekkjarsáttmála sem byggir á sameiginlegum gildum og væntingum. Við vinnum einnig með uppbyggingarþríhyrninginn og spurningar eins og „Hver vil ég vera?“, „Hvað vil ég standa fyrir?“ og „Hvernig get ég lagfært mistök mín?“ Sem réttindaskóli UNICEF tryggjum við að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé sýnilegur og fléttist inn í allt skólastarf. Nemendur þekkja réttindi sín og skilja hvernig þeir geta stuðlað að réttindum annarra. Réttindaráð nemenda er virkt og hefur raunveruleg áhrif á skólastarfið, og lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í ákvarðanatöku. Dagleg samskipti í skólanum endurspeglar þessi gildi með skipulögðum bekkjarfundum þar sem nemendur ræða álitamál og finna lausnir í sameiningu. Við vinnum markvisst með tilfinningagreind og félagsfærni, og leggjum áherslu á uppbyggileg viðbrögð við ágreiningi sem byggja á lausnamiðaðri nálgun.

Með samþættingu uppbyggingarstefnunnar og verkfærum réttindaskólans sköpum við öruggt umhverfi þar sem nemendur blómstra bæði námslega og félagslega. Þeir öðlast sjálfstæði, ábyrgð og virðingu fyrir fjölbreytileika – færni sem nýtist þeim sem virkum þátttakendum í lýðræðissamfélagi framtíðarinnar.

Uppbyggingarstefna (Restitution)

Uppeldis- og samskiptastefna Giljaskóla

Uppeldi til ábyrgðar - Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsaga og sjálfstjórn í samskiptum. Stefnan er upprunin í Kanada og hefur upphafsmaður aðferðarinnar Diane Gossen þróað hana síðustu 20 ár. Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða hvernig við viljum vera, frekar en hvað við erum að gera. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Miðað er að því að finna þörfina bak við það sem við erum að gera.

Gleði – ánægja - Skemmtun - Fagna - Hlátur - Brandarar - Kjánalæti - Spil og leikir	Frelsi sjálfstæði - Velja sjálf(ur) - Ákveða sjálf(ur) - Eiga möguleika - Nýta tækifæri - Athafnasemi - Eirðarleysi	Ást – umhyggja /að tilheyra - Vinátta - Væntumþykja - Vinna í hópi - Kynnast mörgum - Skoðanir annarra skipta miklu máli	Áhrifavald árangur - Standa sig vel - Vera mikilvægur - Viðurkenning - Ráða við - Forðast mistök - Gott skipulag
--	--	---	---

Grunnþarfirnar eru undirstöðuþáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar.

Öll hegðun stafar af því að við erum að reyna að mæta einhverri af þörfunum. Þær eru missterkar hjá fólki, sem m.a. gerir það af verkum að við erum öll ólík.

Sjö grundvallaratriði varðandi kennslu í sjálfsaga

Allir gera mistök

- Við vitum þegar við gerum rangt
- Skammir og gagnrýni ýta undir að fólk fari í varnarstöðu
- Fólk getur lært betri leiðir
- Þegar börn fá að vaxa af því að bæta fyrir mistök sín reyna þau ekki að ljúga eða fela mistökin.
- Að læra sjálfsaga er skapandi ferli
- Þeir sem fá að byggja sig upp og bæta fyrir verða umburðarlyndari gagnvart öðrum.

Diane Gossen, "My Child Is A Pleasure"

Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum og einbeita sér síðan að því að finna út hvernig þeir geta haft grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og kennari koma sér saman um hlutverk beggja. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við varðandi nám og samskipti. Uppbyggingarstefnan á samhljóm í markmiðum Aðalnámskrár í lífsleikni og er okkar leið til að nálgast sýn Giljaskóla.

Réttindaskóli UNICEF

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi eru grunnþættir menntunar. Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenntu læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmenntu að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Giljaskóli var valinn sem Réttindaskóli UNICEF vorið 2019. Með því skuldbinda starfsmenn skólans sig til að leggja áherslu á að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Árið 2023 fékk Giljaskóli endurmat á því að vera Réttindaskóli UNICEF.

Réttindaskólar byggja á eftirfarandi grunnforsendum:

1. Þekking á réttindum barna
2. Barna- og ungmenntalýðræði
3. Eldmóður fyrir réttindum barna
4. Forsendur Barnasáttmálans hluti af daglegu starfi
5. Samstarf með hliðsjón af réttindum barna

Grunnforsendur Barnasáttmálans verða útgangspunktur í allri ákvarðanatöku í skóla- og frístundastarfi Réttindaskólanna. Réttindaskólar njóta handleiðslu Unicef við innleiðinguna og starfandi verður stýrihópur innan skólans. [Heimasíða Réttindaskóla UNICEF](#)

Heilsueflandi grunnskóli

Heilbrigði og velferð ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Mikilvægt er að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.



HEILSUEFLANDI
grunnskóli

Giljaskóli stefnir að því að gerast heilsueflandi grunnskóli. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við

heimili og nærsamfélag. Unnið verður að því að koma saman heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild. Sérstök áhersla er lögð á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þessir þættir eru: nemendur, nærsamfélag, hreyfing og öryggi,

Núvitund

Núvitund er þýðing á enska orðinu Mindfulness. Núvitund er þjálfuð með íhugun og einbeitingu í gegnum ýmsar einfaldar æfingar. Almennst er athyglinni beint að þrennu: líkama, öndun og hugsunum. Í byrjun æfingar er athygli oftast beint að líkamanum, hvar og hvernig við komum okkur fyrir svo okkur líði vel og getum slakað á, hvað við heyrum og finnum. Þá er hugað að önduninni, fylgst með hvernig öndunin fer fram án þess að reyna að breyta henni. Loks er ýmist fylgst með því hvernig hugsanir koma og fara, skarast jafnvel þannig að margar eru í gangi í einu, eða skilningarvitin notuð til að beina athyglinni að tilteknum hlutum, eða hugurinn leiddur áfram í gegnum ímyndaðar aðstæður. Ekki er reynt að tæma hugann, heldur ekki reynt að bægja frá erfiðum hugsunum og enn síður reynt að stjórna ytri áreitum. Með því að einbeita sér að því sem er að gerast í núinu minnkar kvíði vegna framtíðar og vanlíðan vegna erfiðra hugsana um fortíðina. Rétt eins og við þurfum að þjálfva vöðva til að ná árangri í íþróttum þá er hægt að þjálfva heilann til að verjast erfiðum hugsunum og tilfinningum og fjölga þeim jákvæðu og uppbyggilegu.

Áhugi á að nota núvitund í skólum fer vaxandi. Auk þess hefur rannsóknir á áhrifum núvitundar hjá börnum og unglingum fjölgað á síðustu árum. Vitað er að stöðugt áreiti nútímapjöðfélags getur dregið úr hæfni barna og unglinga til að stunda nám. Það getur einnig haft hamlandi áhrif á tengsl við annað fólk. Niðurstöður nokkurra rannsókna erlendis sýna að núvitundarþjálfun í skólum getur bætt heilsu nemenda. Á það við um andlega, líkamlega og félagslega heilsu. Sýnt hefur verið fram á að núvitund getur dregið úr kvíða og streitu, eflt skapandi hugsun, sjálfstjórn, einbeitingu, félagshæfni og aukið sjálfsálit og sjálfsöryggi sem og hamingju og bjartsýni.

Í Giljaskóla er núvitund þjálfuð með öllum nemendum í 3. og 5. bekk eru námskeið í 8 – 10 vikur, eina kennslustund í viku. Auk þess er áhersla á að kennarar nýti sér verkfæri núvitundar í sinni kennslu.

Nám og kennsla

Við skipulag kennslu er haft að leiðarljósi að mæta námsþörfum nemenda, að þeir tileinki sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlist þá hæfni sem stefnt er að í námi. Lögð er áhersla á skapandi verkefni og að koma til móts við nemendur á forsendum hvers og eins. Skapandi verkefni byggjast á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Sköpun stuðlar að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra.

Í Giljaskóla er unnið að því að flétta grunnþættina sex inn í allt skólastarfið og liggur [menntastefna Akureyrarbæjar](#) þar til grundvallar. Viðfangsefni og verkefni eru valin af kostgæfni, hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Í Giljaskóla er markvisst reynt að stuðla að samvinnu nemenda. Nemendum er gerð grein fyrir viðfangsefnum og markmiðum þeirra og

leiðum til að uppfylla þau. Á grundvelli sameiginlegra gilda sköpum við hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. Sérstök áhersla er á Leiðsagnarnám og fáum við stuðning frá ráðgjöfum MSHA við þá innleiðingu.

Teymiskennsla - teymisvinna

Árangursrík skólaþróun kallar á að kennarar vinni saman að því að rýna í starf sitt og leita leiða til að bæta það og starf skólans í heild. Rannsóknir hafi sýnt betri námsárangur í skólum þar sem að kennarar vinna saman, ígrunda og ræða nám og árangursríkar náms- og kennsluaðferðir.

Í Giljaskóla er lögð áhersla á að kennarar starfi í teyimum. Teymiskennsla er þegar kennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópi árgangs og vinna saman að undirbúningi náms, kennslu og námsmats. Litið er á kennara eins árgangs sem kennarateymi. Markmið teymiskennslu felast m.a. í skapa meiri sveigjanleika og svigrúm fyrir kennara að koma til móts við þarfir nemenda. Í fundaskipulagi skólans er gert ráð fyrir að kennarateymi hafi tíma til að þróa sig sem kennarateymi.

Námsvísar og kennsluáætlanir

Námsvísar með hæfniviðmiðum byggðum á aðalnámskrá grunnskóla eru sameiginlegur grunnur undir nám og kennslu í Giljaskóla. Kennarar gera skriflega námsvísa, bæði til lengri og skemmri tíma, sem þeir meta reglulega og endurskoða að vori. Í námsvísunum setja kennarar fram markmið, námsefni, kennsluaðferðir og námsmat í hverri námsgrein. Við upphaf hverrar annar vinna kennarar einnig ítarlega kennsluáætlun fyrir hverja námsgrein. Í kennsluáætlunum eiga að koma m.a. fram þau efnisatriði sem kennd verða, tenging við grunnþætti, tímarammi, ásamt skrá yfir námsefni. Námsvísar Giljaskóla eru birtar á heimasíðu skólans, www.giljaskoli.is. Þar geta foreldrar og nemendur nálgast upplýsingarnar. Námsvísar spanna heilt skólaár og þurfa að vera tilbúnir í upphafi skólaársins. Að vori metur kennari hvernig til hefur tekist að vinna samkvæmt námsáætlun vetrarins. Skólastjórnendur fylgjast með gæðum námsáætlana og skilum.

Námsmat

Megintilgangur námsmats er að fylgjast með því hvernig sérhverjum nemanda tekst að ná námsmarkmiðum og örva hann til framfara. Til þess þarf námsmat að vera hluti af daglegu starfi, einstaklingsmiðað, fjölbreytt, leiðsagnarmiðað og fela í sér sjálfsmat. Auk þekkingar, leikni og hæfni tekur námsmat til viðhorfa, samskipta og vinnubragða. Niðurstöður skulu notaðar til að endurskoða markmið og starfshætti nemenda og kennara og veita auk þess foreldrum, viðtökuskólum og yfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar.

Leiðsagnarmat

Í Giljaskóla er lögð áhersla á Leiðsagnarmat sem er annars vegar *mat í þágu náms* (e. assessment for learning) og hins vegar *mat sem nám* (e. assessment as learning).

Mat í þágu náms byggist á því að matið er stöðugt og samofið námsferlinu, og upplýsingar eru nýttar af kennurum til að meta nám nemenda, veita nemendum tímanlega og lýsandi endurgjöf, styðja við nemendur og aðlaga nám og kennslu að þörfum þeirra. Matið miðar að því að veita nemandanum svör við þremur grundvallarspurningum: Hvert stefni ég? Hvar er ég núna? Hvernig held ég áfram? Mat sem nám byggist á því að matið er nám í sjálfu sér. Slíkt mat gerir ráð fyrir nemendum sem

virikum þátttakendum og gagnrýnum aðilum sem rýna í matsupplýsingar, tengja þær við fyrri þekkingu og nýta þær til náms. Námsmatið verður ígrundandi ferli þar sem nemendur fylgjast með framvindu eigin náms og nýta endurgjöf af þessari ígrundun til að þróa skilning sinn á einstökum þáttum. Kennarar nota sjálfsmat nemenda sem aðferð til að hjálpa nemendum að efla námsvitund (e. metacognition) og stuðla að aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi.

Lykilþættir í leiðsagnarmati

	Hvert stefni ég?	Hvar er ég núna?	Hvernig næ ég markmiðunum?
Kennari	Að skýra, deila og skilja námsmarkmið og viðmið	Hvetja til samræðna, verkefna eða viðfangsefna sem gefa vísbendingar um hvort markmiðum hefur verið náð	Veita endurgjöf sem gefur upplýsingar um næstu skref í námi
Félagar		Stuðla að félagastuðningi og samvinnu milli nemenda	
Nemandi		Að stuðla að aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi	

(Leahy, Lyon, Thompson og Wiliam, 2005).

Kennarar skipuleggja námsmat út frá þeim námsmarkmiðum sem unnið er með hverju sinni. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir til að meta hæfni nemenda, svo sem skimanir, mat á skriflegum úrlausnum, frammistöðumat, samræður, sjálfsmat nemenda, vettvangsathugun og fleira. Matið á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Nemendum skal hjálpað að efla námsvitund sína og færni til að mynda með sjálfsmati, markmiðssetningu, jafningjamati, hugtakakortum og samræðum. Námsmat á að taka tillit til sérþarfa nemenda. Geta skal þess sérstaklega ef um aðlagða námskrá er að ræða.

Námsmat er stöðugt í gangi og stefnt er að því að álag á nemendur og kennara sé tiltölulega jafnt á hverju tímabili. Í Giljaskóla eru að jafnaði þrjú matstímabil. Miðað er við að fyrsta og öðru tímabili ljúki með námsviðtölum byggðum á leiðsagnarmati í okt./nóv. og feb./mars. Þriðja tímabili lýkur að vori með lokamati. Á fyrsta matstímabili er áherslan mest á lykilhæfni, líðan og hegðun. Á öðru matstímabili eru áherslur áfram á lykilhæfni en við bætist mat á hæfni innan námssviðs. Þriðja matstímabili lýkur með lokamati á hæfni innan námssviðs og mati á lykilhæfni. Auk þessa eru allir nemendur með virkt hæfnikort á Mentor þar sem merkt er við þegar ákveðnum hæfniviðmiðum er náð. Birtist þetta í hæfnikorti nemenda og sýnilegt foreldrum og forráðamönnum.

Lykilhæfni í Giljaskóla

Í Giljaskóla hefur lengi verið lagt mat á skilgreinda lykilhæfni. Árið 2011 voru í aðalnámskrá grunnskóla skilgreindir fimm lykilhæfnipættir sem eru nýting miðla og upplýsinga, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, ábyrgð og mat á eigin námi og tjáning og miðlun. Þessa þætti má sjá kristallast í hæfniviðmiðum námsgreina. Í Giljaskóla voru lykilhæfnipættir lykilhæfni aðalnámskrár. Við þá endurskoðun var horft til hæfniviðmiða námsgreina og lykilhæfni aðalnámskrár sem heildar og gerð tilraun til að lyfta þeim þáttum sem við teljum mikilvæga í námi en birtast ekki nógu vel í hæfniviðmiðum námsgreina. Skilgreindir hafa verið 6 lykilhæfnipættir í Giljaskóla sem horft er til í námsmati. Þessir þættir eru ábyrgð, þrautseigja, frumkvæði og áræðni, samskipti og samstarf, námsvitund og tjáning. Sjá má nánari lýsingu á lykilhæfni í Giljaskóla hér í eftifarandi töflu.

Lýsing á lykilhæfnipáttum í Giljaskóla eftir stigum

Hversu mikið leggja nemendur á sig til að ná lykilhæfni

A = Gerir sitt allra besta, B = Gerir vel, C = Leggur sig þokkalega fram, D = Leggur sig lítið fram

	Unglingastig	Miðstig	Yngsta stig
ÁBYRGÐ	Axlar ábyrgð á námi sínu, nýtir tímann vel og gerir sitt besta.	Axlar ábyrgð á námi sínu, nýtir tímann vel og gerir sitt besta.	Fylgir fyrirmælum og nýtir tímann vel. 1 - 4
ÞRAUTSEIGJA	Sýnir þrautseigju og gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið og krefjandi.	Sýnir þrautseigju og gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið og krefjandi.	Gefst ekki upp þegar verkefni eru erfið. 3 - 4
FRUMKVÆÐI OG ÁRÆÐNI	Sýnir áræðni, þorir að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.	Sýnir áræðni, þorir að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Leitar að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.	
SAMSKIPTI OG SAMSTARF	Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Hlustar á aðra nemendur og virðir skoðanir þeirra. Er virkur í samstarfi. Tekur réttmætri gagnrýni.	Er jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Hlustar á aðra nemendur og virðir skoðanir þeirra. Er virkur í samstarfi. Tekur réttmætri gagnrýni.	Er jákvæður og kurteis og hlustar á aðra. Getur unnið með öðrum. 1 - 4
NÁMSVITUND	Setur sér markmið. Byr til og fylgir áætlunum. Forgangsraðar og ætlar sér tíma til að ljúka verkefnum. Lærir af reynslunni og aðlagar skipulag og vinnubrögð til að ná betri árangri.	Metur á gagnrýninn hátt eigin vinnubrögð og árangur. Lærir af reynslunni og aðlagar skipulag og vinnubrögð til að ná betri árangri.	
TJÁNING	Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir skoðanir sínar, hugsanir og tilfinningar. Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega. Í list- og verkgreinum er miðað við skapandi þætti í efnistöfum og úrvinnslu.	Tekur þátt í samræðum og rökræðum. Tjáir sig skýrt og áheyrilega. Miðlar þekkingu sinni og leikni. Í list- og verkgreinum er miðað við skapandi þætti í efnistöfum og úrvinnslu.	Tjáir sig skýrt og áheyrilega. Í list- og verkgreinum er miðað við skapandi þætti í efnistöfum og úrvinnslu. 4

Matskvarði

Innan hvers námssviðs er sérstakur matskvarði skilgreindur í sex flokkum, A-D. Með honum er annars vegar lagt mat á hvernig nemendum gengur að ná hæfniviðmiðum hvers námssviðs og hins vegar lykilhæfni nemenda. Við lokamat að vori skal eftirfarandi kvarði notaður. Kvarðann má einnig nota við annað námsmat. Við lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og 10. bekkjar ber að gefa einkunnir í bókstöfum frá og með komandi skólaári. Skólasamfélagið á eftir að taka ákvörðun um hvernig birtingu námsmats í öðrum árgöngum verður háttað.

Kvarði	Námssvið	Kvarði	Lykilhæfni
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða	A	Gerir sitt allra besta
B+		B+	
B	Góð hæfni og frammistaða	B	Gerir vel
C+		C+	
C	Sæmileg hæfni og frammistaða	C	Leggur sig þokkalega fram
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant	D	Leggur sig lítið fram

Læsisstefna Giljaskóla

Haustið 2015 hóf mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnu við þjóðarsáttmála um læsi með það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Ein af sex grunnstoðum menntunar samkvæmt aðalnámskrá er læsi. Er það til marks um mikilvægi læsis í öllu skólastarfi. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem fyrir augu ber er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd.

Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Lestækni og lesfimi eru lykillinn og er mikilvægt að greina vandamál sem snerta þessa þætti og bregðast skjótt og markvisst við lestrarerfiðleikum sem geta hamlað nemendum í námi og grípa inni sem allra fyrst hjá þeim sem eiga í vanda.

Þáttur heimilanna er mjög mikilvægur ekki síst til að vekja og efla áhuga á lestri með ýmsum ráðum og vera þannig fyrirmynd barna sinna. Foreldrar og kennarar þurfa að vinna saman ef árangur á að nást. Móðurmálskennarar eru í fararbroddi en aðrir kennarar þurfa einnig að sinna læsi í sinni grein og þeir sem sinna læsi í kennaramenntun þurfa einnig að vinna með.

Grunnskólarnir á Akureyri unnu í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri að mótun Læsisstefnu Eyjafjarðar, sem flestir skólar á Eyjafjarðarsvæðinu tóku einnig þátt í. Heimasíða Læsisstefnunnar var tekin í notkun á haustmánuðum 2017 og þar er til birtingar ýmislegt sem kom út úr þeirri samvinnu. Slóðin er <https://lykillinn.akmennt.is/>

Farsæld barna

Þrepaskiptur stuðningur í skóla

Í anda farsældarlaga og markmiða um samþætta þjónustu við börn, veitir skólinn þrepaskiptan stuðning sem byggir á þörfum hvers og eins nemanda. Stuðningurinn er veittur á þremur stigum og miðar að því að tryggja snemmtæka íhlutun, stuðla að velferð barna og styðja við nám og þroska í samræmi við fimm grunnstoðir farsældar: heilsu og vellíðan, menntun, þátttöku og félagsleg tengsl, öryggi og vernd, og lífsgæði og félagslega stöðu.

Þjónustustig 1 – Almennur stuðningur

Allir nemendur eiga rétt á öflugu skólasamfélagi þar sem stuðningur við náms- og félagsfærni er hluti af daglegu starfi. Þetta stig felur í sér almennan stuðning sem eflir nemendur, tekur á forvörnum, þar sem notaðar eru kennsluaðferðir sem taka mið af fjölbreyttum þörfum, notast er við jákvæða agastefnu og samstarf er við forráðamenn.

Þjónustustig 2 – Sérhæfðari stuðningur

Nemendur sem eiga í erfiðleikum þrátt fyrir stuðning á fyrsta stigi geta fengið aukinn stuðning. Þetta getur verið einstaklingsmiðað námsmat, tímabundin aðstoð, þátttaka í stuðningsteymi og reglulegt endurmat á aðgerðum. Tengiliður farsældar skóla hefur hér lykilhlutverk í því að halda utan um þjónustu og samræma við aðra þjónustuaðila þegar við á.

Þjónustustig 3 – Sérhæfð samþætt þjónusta

Ef þörf er á enn víðtækari og samhæfðari stuðningi getur farsældarteymi og málstjóri verið virkjaður. Þjónustan getur þá falið í sér úrræði frá félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða sérfræðiaðstoð utan skóla. Með samþættri þjónustu er markmiðið að tryggja heilðræna nálgun sem nær utan um námslegar, félagslegar og heilsufarslegar þarfir barnsins.

Stuðningur innan hvers stigs er veittur á grunni samstarfs starfsfólks skólans og þjónustuveitenda og byggist á upplýsingum, faglegu mati og samtali við barn og forráðamenn.

Samþætting er valkvæð og krefst samþykkis forráðamanna nema í undantekningartilfellum. Einnig geta forráðamenn dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er.

Eyðublöð og útgefið stuðningsefni vegna farsældar barna

<https://island.is/s/bofs/eydubloed-vegna-farsaeldar>

Innra mat

Innra mat í Giljaskóla - [langtímaáætlun](#)/ innra mat [skólaárið 2025-2026](#)

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum að "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á."

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu og stuðla að auknum gæðum í starfinu.

Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem

mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áherslupætti er stuðst við [gátlista](#) frá Menntamálastofnun varðandi innra mat og [gæðamatskvarða frá fræðsluviði Akureyrarbæjar](#)

Niðurstöður matsins birtast í matsskýrslu hvers skólaárs og í framhaldi er unnin umbótaáætlun sem unnið er eftir.

Heildaráætlunin er opinber og birtist á heimasíðu Giljaskóla og verður uppfærð hvert ár.

Það er sérstakt metnaðarmál í Giljaskóla að stjórnun, nám og kennsla og innra mat taki mið af skýrum gæðaviðmiðum. Gæðaviðmið skólans hafa verið sett fram í þessum þremur flokkum og byggja á gæðaviðmiðum MMS um gæða skólastarf.

Innra mat er samofið öllu skólastarfi og er stöðugt til umfjöllunar í öllu skólastarfi skólans. Kennarar, nemendur og foreldrar eru meðvitaðir um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

- Innra mat í Giljaskóla er skipulagt í langtímaáætlun um innra mat sem gildir frá 2024 til 2028. [Hér er langtímaáætlun Giljaskóla](#)
- Gæðaviðmið Akureyrarbæjar eru lögð til grundvallar. Unnið er samkvæmt ítarlegri starfsáætlun skólans um innra mat þar sem fram koma þær fjölbreyttu aðferðir sem beitt er við innra mat ([starfsáætlun gæðaráðs](#))

Í júní ár hvert skilar Giljaskóli sjálfsmatsskýrslu til fræðsluviðs Akureyrarbæjar.

Umbótaáætlun

[Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026](#)

Starfsþróunaráætlun

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara. Starfsþróun, sem hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

Þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (úr handbók með kjarasamningi bls. 34). Hér má sjá [umbóta og starfsþróunaráætlun 2025-2026](#)

Foreldrasamstarf

Hlutverk grunnskólans er í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Samstarf heimila og skóla sem byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti, samábyrgð og góðri upplýsingamiðlun stuðlar að velferð nemenda. Starfsfólk skóla og foreldrar þurfa að leitast við að vera nemendum góðar fyrirmyndir.

Skólinn leggur grunn að samstarfi heimilis og skóla frá upphafi skólagöngu. Heimili og skóli vinna í sameiningu að þroska og velferð barna. Mikilvægt er að kennarar og foreldrar beri gangkvæmt traust hver til annars og geti rætt í trúnaði um málefni barnsins. Með góðu samstarfi aflar kennari upplýsinga um hæfileika barns, skapgerðareinkenni og áhugamál. Foreldrar kynnast innviðum skólastarfsins og eru betur í stakk búnir til þess að taka virkan þátt í námi barnsins. Slíkt stuðlar að meira öryggi og vellíðan barna og foreldra og þar með betri árangri í námi og velgengni í starfi. Niðurstöður rannsókna sýna fram á ótvíræða fylgni góðs gengis nemenda í skóla og samstarfs heimilis og skóla. Mjög gott samstarf er við foreldrafélag Giljaskóla

Samskipti foreldra og kennara

Umsjónarkennari er í samskiptum við foreldra um mál er snerta einstaka nemendur, heimanám, ástundun og annað sem eingöngu snýr að starfi bekkjarins. Boðið er upp á formleg foreldraviðtöl tvisvar á skólaárinu, í lok október eða byrjun nóvember og í lok janúar eða byrjun febrúar. Koma foreldrar og nemendur þá í skólann á fund umsjónarkennara. Umsjónarkennari og foreldrar hafa einnig samband símleiðis, með tölvupósti eða hittast eftir atvikum á fundi í skólanum.

Í upphafi skólaársins er starfsáætlun skólans og starfið í hverjum bekk kynnt á svo kallaðri námskynningu. Aðrir fundir kunna að verða þar sem rætt er um ákveðin málefni.

Þurfi foreldri að ná sambandi við kennara er hægt að senda tölvupóst og óska eftir fundi. Einnig geta foreldrar hringt á skrifstofu skólans og lagt fyrir skilaboð um að kennari hringi í sig. Kennari hringir að jafnaði eftir kennslu dagsins ef því verður við komið.

Kennari svarar tölvupósti foreldra eins fljótt og því verður við komið. Foreldrar geta ekki gengið að því vísu að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs eða fyrir upphaf næsta skóladags.

Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki í kennara utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn beri til.

Mentor- mentor.is er upplýsingasíða skólans fyrir foreldra. Kennarar senda upplýsingar um starfið í föstudagspóstum til foreldra. Heimasíða skólans er fyrst og fremst upplýsinga- og fréttasíða skólans fyrir foreldra.

Foreldrar eiga að geta sinnt flestum erindum sínum við skólann í gegnum Mentor. Foreldrar geta, í samráði við kennara, heimsótt skólann og fengið að taka þátt í skólastarfinu. Foreldrum er boðið á ýmsar skemmtanir eða viðburði. Sérstök fræðsla um skólamál er fyrir foreldra yngstu barnanna, vorið áður en skólaganga hefst og á fyrsta skólaárinu. Skólaráð fundar reglulega með skólastjórnendum. Starf foreldrafélags og bekkjarfulltrúa er skipulagt af foreldrafélagi.

Ágreiningsmál

Ef foreldrum þykir eitthvað athugavert í starfi skólans skulu þeir ræða við viðkomandi kennara, ef það leysir ekki vandann þá við deildarstjóra viðkomandi stigs og síðan skólastjórnendur. Ef um er að ræða ágreining við skólann skal ræða við sviðsstjóra fræðsluviðs Karl Frímannsson að Glerárgötu 26. Foreldrar geta einnig aflað upplýsinga um ýmislegt er varðar uppeldi og menntun hjá landssamtökunum Heimili og skóli. Samtökin gefa m.a. út tímarit og ýmiskonar efni um foreldrasamstarf. Veffang: <http://www.heimiliogskoli.is/>

Heimanámsstefna

Áhugi sem foreldrar sýna á námi barna sinna getur skipt sköpum varðandi námsárangur barnanna. Einfaldasta leiðin fyrir foreldra til að fylgjast með er að setjast reglulega niður með barni sínu og aðstoða það við heimanámið. Í byrjun skólagöngu er mikilvægast að hlusta á barnið lesa, hvetja það við ritun, hjálpa því við verkefnavinnu og sýni heimalestri og heimanámi áhuga. Foreldri þarf ekki nauðsynlega að kunna námsefni vel til að aðstoða við heimanámið, það er hvatningin og áhuginn sem mestu máli skiptir.

Markmið með heimanámi nemenda í Giljaskóla er að barnið læri að sýna sjálfsaga, læri að vinna sjálfstætt, þjálfun í mikilvægum námsþáttum og undirbúningur undir kennslustundir í einhverjum tilfellum. Góð og jákvæð samskipti foreldra og barna meðan á heimanáminu stendur hafa mikil áhrif á námsárangur.

Taka þarf mið af einstaklingsþörfum við skipulagningu heimanáms. Foreldrar geta óskað eftir auknu heimanámi og ef þeir eiga í vandræðum með að fá börn sín til að læra heima biðjum við þá að hafa samband við skólann og í sameiningu hjálpumst við að við að leysa málið farsællega.

Heimanám á yngsta stigi

Megináherslan er á heimalestur og önnur tilfallandi verkefni til að auka færni í ákveðnum námsþáttum. Nemendur eiga að lesa heima, fimm sinnum í viku, og foreldrar þurfa að fylgjast með og skrá niður það sem lesið var og kvitta fyrir. Góð færni í læsi er undirstaða alls annars náms og því afar mikilvægt að þeirri þjálfun sé vel sinnt frá upphafi. Með lestri og samræðum er einnig byggt undir hugtakaskilning og orðaforða sem styður við alla tjáningu og samskipti en það verða enn mikilvægari þættir í nánustu framtíð.

Heimanám á miðstigi

Meginmarkmið með heimanámi á miðstigi er heimalestur og að ljúka þeirri vinnu sem ekki tókst að ljúka í skólanum. Í einstaka verkefnum s.s. ritgerðasmíði er áhersla á að unnið sé heima. Ef foreldrar óska eftir auknu heimanámi bendum við á gagnvirk námsefni á vef Menntamálastofnunar, mms.is. Heimanám birtist inni á Mentor og á föstudögum senda umsjónarkennarar póst með ýmsum upplýsingum.

Heimanám á unglingastigi

Markmið með heimanámi á unglingastigi er að nemendur vinni frekar með þá námsþætti sem verið er að vinna með í skólanum og fái þannig aukið tækifæri til að byggja upp og dýpka þekkingu sína og hæfni. Kennarar leitast við að stilla heimanámi í hóf. Ef foreldrar óska eftir auknu heimanámi bendum

við á gagnvirkt námsefni á vef Menntamálastofnunar, mms.is. Heimanám birtist inni á Mentor og á heimasíðu skólans undir flípanum vikuáætlanir.

Bekkjarfulltrúar

Á hverju hausti skulu kjörnir 4 eða fleiri bekkjarfulltrúar úr hópi foreldra í hverjum árgangi.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa.

- Bekkjarfulltrúar kalla saman foreldra barnanna í bekknum. Ræðir við þá um markmið og framkvæmd bekkjarstarfs á komandi vetri.
- Bekkjarfulltrúar eru reiðubúnir til að aðstoða kennarann við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningu og heimsóknir foreldra í bekkinn.
- Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra innbyrðis, hafa frumkvæði að því að sem flestir foreldrar séu virkir í bekkjarstarfinu. Best er að skipta verkefnum með foreldrum í upphafi skólaárs, t.d. umsjón bekkjarskemmtana. Gott er að mynda hópa nokkurra foreldra til að vinna verkefni.
- Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við stjórn foreldrafélagsins og taka ákvörðun um hvernig skuli verja þeim peningum sem foreldrafélagið úthlutar á hverjum vetri til foreldrasamstarfs.
- Bekkjarfulltrúar hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi bekkjarstarf og bekkjaranda. Gott er t.d. að nemendur taki þátt í einum foreldrafundi á hverju ári þar sem málin eru rædd.

Foreldrafélagið

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag, sbr. 9. gr. grunnskólalaga. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Allir foreldrar barna í Giljaskóla eru í foreldrafélaginu nema þeir óski sérstaklega eftir því að vera það ekki.

Hlutverk foreldrafélaga er að vera samstarfsvettvangur foreldra m.a. til þess að efla tengsl heimila og skóla, veita upplýsingar og fræðslu og byggja upp félagsstarf í bekkjardeildum. Foreldrafélag Giljaskóla stendur fyrir fræðslu til foreldra og barna og skemmtunum fyrir börn í skólanum eftir því sem aðstæður leyfa. Félagsgjöld í félagið eru ákveðin á aðalfundi en eru að jafnaði innheimt á haustönn hvers skólaárs. Í stjórninni sitja fimm manns sem kosin eru á aðalfundi í maí ár hvert og fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði allt skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Fulltrúi úr stjórn foreldrafélagsins situr í skólaráði Giljaskóla og SAMTAKA samráðsfélagi foreldrafélaga grunnskólanna á Akureyri. Hægt er að koma erindum til foreldrafélagsins með því að hringja eða senda tölvupóst.

Félagið stuðlar að virkri starfsemi í bekkjarráðum, skilgreinir og samræmir hlutverk bekkjarfulltrúa þannig að allir foreldrar taki þátt í starfi með börnunum og sér til þess að bekkjarfulltrúar ásamt kennara fylgi foreldrasamstarfinu eftir milli árganga. Að hausti skrifa foreldrar sig fyrir verkefni sem þeir bera ábyrgð á. Hver bekkur hefur möppu fyrir foreldrasamstarfið sem inniheldur m.a. hugmyndabanka yfir möguleg verkefni, góðar greinar og ráð um uppeldismál, nafnalista og

heimilisföng yfir nemendur og aðstandendur, bekkjarfulltrúa og skiptingu verkefna fyrir veturinn. Bekkjarfulltrúum er úthlutað fjámagni ár hvert til nota fyrir ýmislegt tengt starfi með bekkjunum.

Helstu áherslur í starfi foreldrafélagsins á síðasta ári voru m.a. fyrirlestur frá Heimili og skóla, fyrirlestur um málþroskaröskun, leiksýning með leikhópnum Lottu og virkað sem þrýstihópur við uppbyggingu á skólalóðinni.

Skólaráð

Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald, sbr. 8. gr. grunnskólalaga. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Skólastjóri starfar með skólaráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótnun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Fulltrúar skólaráðs taka þátt í ýmis konar stefnumótandi vinnu sem er á döfinni hverju sinni. Foreldrar geta komið erindum til ráðsins með því að hringja eða skrifa tölvupóst.

Skólabragur og agamál

Uppeldis- og samskiptastefna Giljaskóla er Uppeldi til ábyrgðar (Restitution), í daglegu tali Uppbygging, en fræðast má um meginviðmið hennar á öðrum stað í skólanámskránni. Með Uppbyggingunni er lögð áhersla á uppbyggileg samskipti og kennslu sjálfsaga. Stefnt er að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum með því að skoða hvernig við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri og finna út hver við viljum vera. Stefnan er lögð til grundvallar við úrlausn ágreinings- og agamála.

Viðfangsefni allra í skólasamfélaginu er að byggja upp góðan starfsanda og jákvæðan skólabrag þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigði og jákvæðni einkenna öll samskipti. Ennfremur að stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti. Starfsfólk skóla og foreldrar þurfa að leitast við að vera nemendum góðar fyrirmyndir. Nemendur og starfsfólk Giljaskóla eru sammála um að góður skólabragur er þegar eftirfarandi atriði einkenna samskipti fólks:



Skólareglur

Markmið skólareglna Giljaskóla eru að allir nemendur geti þroskað hæfileika sína og séu öruggir í öllu starfi á vegum skólans. Skólareglur Giljaskóla eru unnar í samræmi við lög um grunnskóla (nr. 91/2008, 30. grein) og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar er kveðið á um að grunnskólar skuli setja skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum þar sem úrræði og viðbrögð taki mið af persónuþroska og hæfni nemenda og stuðli sem best að jákvæðri hegðun. [Skólareglur](#) má finna í starfsáætlun skólans.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur segir m.a. „Nemendum ber að hlíta fyriræmum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.“ Skólareglur gilda í skólanum, íþróttahúsum, sundstöðum, félagsmiðstöðvum og í öllum ferðum á vegum skólans en auk þess þurfa nemendur að fara eftir sérreglum sem gilda á þessum stöðum.

Umsjónarkennari kynnir nemendum skólareglur og ræðir mikilvægi þeirra. Á hverju hausti er farið vel yfir reglurnar en jafnframt eru þær rifjaðar upp síðar eftir efnum og aðstæðum.

Ef þörf er á að grípa til aðgerða vegna hegðunarvanda er stuðst við [verklagsreglur grunnskólanna á Akureyri](#) og þar er að finna eftirfarandi ferli sem unnið er út frá.

Samstarf við önnur skólastig

Samstarf við framhaldsskóla

Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. Lög um grunnskóla, 32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið námi samkvæmt grunnskólalögum. Í skírteini skal skrá vitnisburð nemanda á lokaári í grunnskóla í því námi er hann lagði stund á.

Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Í aðalnámskrá grunnskóla skal nánar kveðið á um útfærslu þessarar greinar. Ákvörðun skólastjóra í þessu efni lýtur ákvæðum stjórnarsýslulaga. Foreldri getur kært synjun um útskrift úr grunnskóla samkvæmt þessari grein eftir fyriræmum 47. gr.

Nemendur eiga rétt til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir nemenda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Foreldrar nemenda bera þann kostnað.

Nemendur sem eru að ljúka grunnskóla eiga rétt á skólavist í framhaldsskóla. Á Akureyri starfa tveir framhaldsskólar; Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Nemendum í 10. bekk er boðið í heimsókn í skólana til að kynna sér hvað þeir bjóða upp á. Auk þess hefur framhaldsskólinn á Laugum og Menntaskólinn á Tröllaskaga boðið upp á kynningar.

Námsráðgjafar í grunnskólum leggja flestir fyrir könnun á áhugasviði nemenda í gegnum forrit sem kallast Bendill og þykir það hafa gefið góða raun við að aðstoða nemendur við val sitt.

Nemendur eiga kost á að stunda fjarnám við framhaldsskóla og geta þeir fengið þá áfanga metna sem í stað valgreinar. Nemendur í 10. bekk grunnskólana á Akureyri getað valið um nokkrar valgreinar sem kenndar hafa verið í VMA s.s. rafiðn, tréiðn, sjónlistum og aðhlynningu.

Um innritun nemenda með sérþarfir í framhaldsskóla sjá bls. 18 í kafla um stoðþjónustu.

Á vefsíðum MA, www.ma.is, og VMA, www.vma.is, er fjallað um innritun nýnema. Það er gott að kynna sér það með góðum fyrirvara. Báðir skólarnir bjóða upp á forinnritun á tímabilinu mars-apríl og síðan er lokainnritun um svipað leyti og útskrift grunnskólanna er.

Samstarf við leikskóla og skil á upplýsingum milli leik- og grunnskóla

Til þess að auðvelda börnum að brúa bilið milli leik- og grunnskóla er Giljaskóli í samstarfi við leikskólana Kiðagil og Tröllaborgir. Elstu nemendur leikskólanna og yngstu nemendur grunnskólans, 1. bekkur, hittast með jöfnu millibili yfir veturinn. Þeir skiptast á heimsóknum, vinna sameiginleg verkefni og leika sér saman. Leikskólanemar kynnast skólanum og því starfi sem þar fer fram. Þeir taka m.a. þátt í kennslustundum, nestistímum, frímínútum og heimsækja bókasafnið auk þess sem þeim er boðið að horfa á nemendasýningar á árshátíð 1.-7. bekkja. Leikskólanemarnir vita því nokkurn veginn hvað það er sem bíður þeirra í grunnskólanum.

Á hverju vori funda aðilar leik- og grunnskóla þar sem verðandi grunnskólanemendum er fylgt úr hlaði. Um er að ræða upplýsingar sem nauðsynlegt er að fylgi nemendum frá leikskóla til grunnskóla og varða velferð barns og gengi þess í skóla. Leikskólakennarar segja stuttlega frá þeim nemendum sem væntanlegir eru í skólann og farið er yfir stöðu þeirra. Þetta upplýsingaferli getur náð til fleiri leikskóla en hverfaskólanna tveggja þar sem tilvonandi nemendur Giljaskóla geta komið víða að.

Móttaka nýrra nemenda

1. bekkur

Að vori er verðandi 1. bekkjar nemendum og foreldrum boðið í heimsókn í skólann. Foreldrum er kynnt skólastarfið og Frístund á meðan eldri nemendur skólans fylgja nýnemum um húsnaðið og kynna þeim aðstæður. Nemendur ljúka heimsókninni með samverustund í Frístund þar sem þeir vinna verkefni.

Að hausti eru foreldrar og nemendur boðaðir í viðtal til verðandi umsjónarkennara. Haldinn er fræðslufundur fyrir foreldra í fyrsta bekk að hausti þar sem m.a. er boðið upp á súpu og brauð.

Fyrstu tveir skóladagarnir eru viðtalsdagar og hefst kennsla samkvæmt stundaskrá á þriðja degi

Móttaka nýrra nemenda í 2. - 10. bekk

Í Giljaskóla er lögð áhersla á að taka vel á móti öllum nýjum nemendum og stuðla þannig að farsælli skólagöngu. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með móttöku nemenda sem flytjast milli skólahverfa. Deildarstjóri, umsjónarkennari og foreldrar hafa allir hlutverk í því ferli.

Foreldrar:

- hafa samband við skólann
- fylla út rafræna umsókn um skólavist fyrir barn sitt.
- láta vita ef gera þarf sérstakar ráðstafanir varðandi nám eða heilsu barnsins
- sjá til þess að barnið fái tækifæri til að skoða skólann
- setja sig í samband við ritara til að skrá ýmsar mikilvægar persónuupplýsingar, neyðarkort, mataráskrift og frístund.

Skólastjóri/Deildarstjórar

- fer yfir umsókn og samþykkir
- upplýsir viðkomandi umsjónarkennara
- ákveður heimsóknardag í samráði við foreldra og umsjónarkennara
- sér til að nemandi og foreldri hitti umsjónarkennara
- upplýsir hjúkrunarfræðing og námsráðgjafa og aðra kennara og skólaliða um nýjan nemanda

Umsjónarkennari

- hittir nemanda og foreldra fyrir skólabyrjun og ræðir um skipulag og afhendir stundaskrá
- upplýsir bekkinn og foreldra um komu nýs nemenda og ræðir um hvernig við tökum vel á móti nýjum nemendum
- velur nemendur úr bekknum til að vera styðjandi vinir sem nemandi getur leitað til með ýmsar spurningar varðandi skipulag og umgengni
- sér um að taka til gögn og skipuleggja námsumhverfi
- hefur samráð við aðra kennara varðandi ýmsa námshópa s.s. verkgreinar, sund, tónmennt o.fl.
- leitar upplýsinga um nemanda hjá fyrri skóla ef þörf er á
- fundar með foreldrum ef þörf er á í því skyni að leita frekari upplýsinga um nám, líðan og heilsu.

Viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í leik- og grunnskólum Akureyrar

1. Fræðslu- og lýðheilsusvið tekur ákvörðun, í samráði við skólastjóra, um hvaða kannanir er heimilað að leggja fyrir nemendur og/eða kennara eða annað starfsfólk í skólunum.
2. Rannsakendur skulu hafa góðan fyrirvara á því að leggja fyrir kannanir eða rannsóknir í skólum. Að öðru jöfnu skulu þær rannsóknir og kannanir hafa forgang sem óskað er eftir með meira en tveggja mánaða fyrirvara.
3. Þess skal jafnan gætt að rannsóknir og kannanir hafi ekki í för með sér óeðlilega röskun á skólastarfi.
4. Berist margar beiðnir um rannsóknir og kannanir til skóla og talin er þörf á því að forgangsraða þeim skulu samfélagslegar kannanir s.s. á vegum heilbrigðisyfirvalda, menntastofnana, ríkis eða sveitarfélaga að öllu jöfnu hafa forgang.

5. Jafnan skal þess gætt þegar könnun er heimiluð að fyrir liggi tilskilin leyfi s.s. Persónuverndar. Skólastjóri skal að öllu jöfnu leita samþykkis hjá foreldrum eða forráðamönnum vegna fyrirhugaðra rannsókna og kannana sem nemendur taka þátt í.
6. Ef um álitamál er að ræða skal deildarstjóri skóladeildar bera málið undir skólanefnd.

Reglur þessar skulu birtar í skólanámskrá. Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum sem settar hafa verið af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þannig samþykkt á fundi skólanefndar 14. apríl 2003

Áætlun gegn einelti

Stefnufirlýsing Giljaskóla

Starfsfólk Giljaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum. Leitað er allra leiða til að fyrirbyggja einelti og áhersla lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Giljaskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af umhyggju, ábyrgð og lífsgleði. Stefnt að því að nemendur læri að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum.

Hvað er einelti?

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á öðrum, sem á erfitt með að verjast. Einelti getur birst í ýmsum myndum þótt algengast sé að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt.

Einelti getur verið

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar eða skemmdarverk
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni
- Skriflegt: tölvuskeyti, sms–skilaboð, bloggsgíðu skrif, krot og bréfasendingar
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi
- Efnislegt: eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar
- Andlegt: þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.

Einelti er ofbeldi sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir þolanda og geranda. Andlegt ofbeldi, eða áreiti, hefur oft verri afleiðingar í för með sér en líkamlegt. Einelti hefur iðulega alvarleg áhrif á nám, líðan og félagsþroska einstaklinga.

Aðgerðateymi

Aðgerðateymi hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum innan skólans og veitir kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn. Í aðgerðateymi eru: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri og námsráðgjafi. Ef grunur um einelti vaknar er unnið eftir [eineltisáætlun Giljaskóla](#).

Forvarnir til að koma í veg fyrir einelti

Mikilvægt er að börn séu alin upp við jákvæða athygli. Sjálfsöruggt barn er síður líklegt til að vera lagt í einelti og er betur í stakk búið til að takast á við stríðni og einelti. Forvarnir og almennar fyrirbyggjandi aðgerðir í Giljaskóla snúa m.a. að:

- Áhersla á jákvæðan, lýðræðislegan skólabrag
- Vinna með áherslur í sýn skólans og leitast við að láta þær einkenna vinnubrögð og viðmót starfsmanna
- Öflugt samstarf heimila og skóla frá byrjun skólagöngu
- Reglulegir bekkjarfundir þar sem rætt er um samskipti innan hópsins og við aðra
- Fræðsla um einelti fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk
- Opin umræða um einelti í bekkjardeildum, t.d. með lestri á sögum og umræðum um einelti, hegðun, samskipti og líðan
- Árlegar tengslakannanir og úrvinnsla þeirra
- Aðstoðarmenn úr hópi bekkjarfélaga fyrir nýja nemendur 2. – 10. bekkjar
- Gott samstarf vinabekkja þar sem eldri nemendur eru hvattir til að gæta þeirra yngri
- Skipulagðir leikir og leikjastöðvar í frímínútum
- Virk gæsla í vinnuhléum, á göngum, í matsal, á útisvæði og í íþróttahúsi.
- Skipulag kennslu taki mið af þjálfun nemenda í samvinnu og samstarfi.
- Áhersla á góða bekkjarstjórnun, reglusemi og öguð vinnubrögð
- Skilvirkt upplýsingaflæði
- Regluleg endurskoðun eineltisáætlunar Giljaskóla.

Forvarnir

Markmið: Að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri sýn nemenda á lífið og vinna gegn hvers kyns sjálfseyðandi hegðun.

Námsráðgjafi skólans gegnir hlutverki forvarnarfulltrúa. Forvarnarfulltrúi skipuleggur forvarnarstarf skólans og hefur yfirumsjón með því. Hann sér um að forvarnaráætlun sé framfylgt, er virkur í gagnasöfnun og dreifir þeim upplýsingum sem við á. Hann aðstoðar starfsfólk við samþættingu forvarna við annað skólastarf, s.s. kennslu, félagslíf o.fl. Hann vinnur og endurmetur stefnumörkun skólans í forvörnum og sér um neyslu- og viðhorfskönnun meðal nemenda. Forvarnarfulltrúi tekur þátt í að samstillja krafta þeirra sem vinna gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu í umhverfi nemenda. Hann er í nánú samstarfi við tengilið félagsmiðstöðva bæjarins og grípur inn í mál nemenda þar sem íhlutunar er þörf og stýrir því í farveg til réttra aðila. Forvarnarfulltrúi gætir fyllsta trúnaðar. Hann stýrir forvarnarneti sem skal myndað af kennurum, skólastjórnendum, foreldrum, skólahjúkrunarfræðingi, félagsþjónustu, forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar, lögreglu, skólaskrifstofu og kirkju.

Forvarnir eru einnig á hendi umsjónarkennara. Umfjöllun meðal yngstu nemendanna (1.-5. bekk) skal miðast við heilsufræði og heilsuefningu. Umfjöllun meðal eldri nemenda (6.-10. bekk) skal miðast við áhrif og skaðsemi hinna ýmsu fíkniefna bæði andlega, líkamlega og félagslega svo og menningarlega þætti sem tengjast neyslu. Fræðsla fyrir nemendur fer einkum fram í lífsleiknikennslu þar sem áhersla er lögð á að efla félags-, tilfinninga-, persónu- og siðgæðisþroska nemenda. Nemendum skal kynnt hvert hægt sé að leita ef þeir þurfa á aðstoð að halda.

Forvarnaráætlun Akureyrarbæjar

Forvarnarstefna Akureyrarbæjar miðar að því að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og tryggja uppeldisskilyrði þeirra. Mikilvægt er að líta á forvarnir í víðu samhengi. Foreldrar gegna lykilhlutverki í forvörnum og því er mikilvægt að ná til þeirra og styðja þá í hlutverki sínu. Akureyrarbær styrkir og veitir börnum og ungmennum fjölbreytta þjónustu. Æskilegt er að ná sem mestri samvinnu um forvarnir við alla sem vinna með börnum og ungmennum. Til þess að forvarnir skili árangri þarf starfið að vera markvisst og faglegt.

Aðgerðaáætlun forvarnastefnu er ætlað að styðja við þá aðila sem vinna með börnum og ungmennum. Aðgerðaáætlun felur í sér almennar og sértækar aðgerðir og endurspeglar þær áherslur sem lagaðar eru í forvarnamálum.

Leiðarljós forvarnarstefna Akureyrarbæjar:

- Foreldrar gegna lykilhlutverki
- Jákvæð og sterk sjálfsmynd - virðing fyrir sjálfum sér og öðrum
- Heilbrigðir lífshættir - heilsueflandi samfélag
- Greiður aðgangur að íþrótt-, lista- og tómstundastarfi

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar á vegum Akureyrarbæjar bera ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd forvarna- og félagsmiðstöðvastarfs fyrir börn og unglinga í samræmi við markaða stefnu í forvarnamálum á hverjum tíma. Ráðgjöfunum er ætlað að sinna almennu og sértæku forvarnastarfi í nánú samstarfi við grunnskólana og aðra sem koma að málum barna og unglinga s.s. félagsþjónustu og barnavernd. Frá og með skólaárinu 2025 verður starfandi deildarstjóra forvarna- og félagsmála við skólann. Forvarna- og félagsmálaráðgjafar mynda með sér forvarnateymi sem hefur yfirsýn yfir stöðu mála.

Foreldrar gegna lykilhlutverki

Að búa börn og ungmenni undir lífið er mikið ábyrgðarhlutverk og eru foreldrar mikilvægustu mótunaraðilar barna sinna. Þeir gegna lykilhlutverki í öllu forvarnastarfi.

Foreldrar eru börnum fyrirmynd um hegðun, hvort sem þeir eru meðvitaðir um það eða ekki. Þetta á bæði við um það sem þeir segja og gera. Foreldrar hafa mest áhrif á líf og líðan barna sinna og eru mikilvægustu leiðbeinendur þeirra. Grunnurinn að heilbrigðum lífsháttum er lagður strax við upphaf lífsgöngu en bíður ekki unglingsáranna. Góð tengsl, umhyggja og aðhald frá foreldrum minnka líkur á að unglingar leiðist út í óæskilega hegðun.

Að kaupa áfengi fyrir unglinga og virða ekki útivistartímann eru slæm skilaboð til barna okkar.

Akureyrarbær leggur áherslu á fræðslu og ráðgjöf til foreldra í uppeldismálum til að efla og styrkja fjölskylduna. Jafnframt að treysta enn frekar samvinnu heimila, skóla og frístundastarfs.

Jákvæð og sterk sjálfsmynd – virðing fyrir sjálfum sér og öðrum

Sterk sjálfsmynd einstaklings hefur áhrif á breytni hans. Því er mikilvægt að börn og ungmenni hafi jákvæða og sterka sjálfsmynd. Börnum og ungmennum er mikilvægt að vera örugg með sjálf sig og geta tekið gagnrýni og hrósi því það auðveldar þeim að takast á við lífið. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi sjálfsvirðingar. Sterk sjálfsmynd barna og ungmenna hefur jákvæð áhrif á hegðun þeirra,

líðan, námsárangur og tómstundapátttöku. Því er mikilvægt að allt samfélagið beri þá ábyrgð að leggja sitt af mörkum til að efla sjálfsmynd og sjálfsvirðingu barna og ungmenna.

Í Giljaskóla nýtum við Uppbyggingarstefnuna til að vinna að þessum þáttum.

Börnum og ungmennum þarf að standa til boða leiðsögn og fræðsla þar sem lögð er áhersla á að þjálfar þau í að takast á við erfiðleika og þekkja eigin tilfinningar. Góðar fyrirmyndir skipta miklu máli þegar kemur að því að leiðbeina börnum og ungmennum að virða fjölbreytileika mannlífsins og sérstöðu hvers og eins. Einelti er samfélagsmein sem ber að vinna gegn. Þannig verður samfélagið sterkara og færara um að hlúa sérstaklega að þeim sem með einum eða öðrum hætti standa höllum fæti.

Lesið má um þessar velferðaráætlanir á vef Akureyrarbæjar:

Velferðaráætlun forvarna 6-9 ára

<http://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Forvarnir/6-9-ara.pdf>

Velferðaráætlun forvarna 10-12 ára

<http://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Forvarnir/10-12-ara.pdf>

Velferðaráætlun forvarna 13-15 ára

<http://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Forvarnir/13-15-ara.pdf>

Öryggismál

Á leið í skólann

Mikil umferð er við skólann á morgnana enda standa tveir skólar Giljaskóli og leikskólinn Kiðagil hlið við hlið nánast á sömu lóðinni og verða að nota sömu aðkeyrslu. Mörgum börnum er ekið í skólann. Oft skapast því mikið öngþveiti og því er nauðsynlegt að fyllstu varúðar sé gætt við akstur að skólanum. Við leggjum áherslu á ekið sé að skólanum inn á bílastæði að norðan og út að sunnan við leikskólann. Útskot fyrir framan stétt er ætlað skólabíl og það á ekki nýta sem stæði heldur til þess að hleypa börnum út.

Bílastæðin við skólann eru einnig fyrir starfsfólk á leikskólanum Kiðagili. Á bílastæði sem merkt er með hjólastól á enginn að leggja nema hafa þar til gert merki.

Leitast skal við að hafa öryggi barna í fyrirrúmi. Ákveðin hættu getur skapast á leið í skólann sérstaklega í dimmviðri og á vetrum. Bent er á mikilvægi þess að nota endurskinsmerki til að sjást betur við þessar aðstæður.

Óskað er eftir því að starfsfólk skólans og foreldrar sameinist um að finna börnunum auðveldustu leiðina í skólann, fræða þau um reglur í umferðinni og hvetja þau til að nota alltaf endurskinsmerki. Útvera og hreyfing er öll af hinu góða og því hvetjum við sem flesta til að koma gangandi í skólann.

Í upphafi skóladags

Skólinn er opnaður kl. 7:50 að morgni. Nemendur á yngsta- og miðstigi fara inn í stofur sínar og geta unað þar við ýmis verkefni, s.s. lestur eða spil. Þar sem stofur eru læstar uns kennari mætir, t.d. á unglingagangi geta nemendur setið fyrir framan stofu eða í setkrókum. Í matsal er boðið uppá hafragraut frá kl 7:50 fyrir alla nemendur en síðan eiga nemendur unglingadeildar einnig kost á að fá graut í frímínútum milli 9:20-9:40.

Sérstök móttaka er fyrir nemendur sérdeildar.

Frímínútnagæsla

Frímínútur eru þrisvar að morgni og sinna starfsmenn eftirliti í frímínútum úti á skólalóðinni. Þrír til fjórir starfsmenn sinna almennri gæslu úti og tveir vegna sérdeildar. Nokkrir sjá um gæslu inni. Ennfremur er eftirlit bæði úti og inni í tengslum við hádegishlé nemenda. Nemendur í 8.-10. bekk fá að vera í matsal eða Dimmuborgum í frímínútum, aðrir fara út. Verði foreldrar varir við það hjá börnum sínum að eitthvað fari úrskeiðis í frímínútum eða á ferðum úr og í skóla (stríðni eða annað áreiti) þá eru það vinsamleg tilmæli að gert sé viðvart strax þannig að hægt verði að bregðast við áður en í ófni er komið.

Neyðarupplýsingar

Á hverju hausti skulu umsjónarkennarar sjá til þess að foreldrar fylli út eða uppfæri upplýsingar um nemanda og aðstandendur á Mentor. Þar skulu koma fram upplýsingar um símanúmer, vinnustaði, netföng foreldra eða hvar sé hægt að ná í þá komi eitthvað uppá. Einnig upplýsingar um við hvern skuli hafa samband ef ekki næst í foreldra.

Einnig er mikilvægt að heimilisfang nemanda sé rétt skráð þegar skólinn á í samskiptum við heimili með umslagapósti.

Slys eða veikindi

Beri slys að höndum eða barn veikist á skólatíma er hringt í foreldra eða ábyrgðarmann og óskað eftir að barnið verði sótt í skólann eða aðrar viðeigandi ráðstafanir gerðar. Grunnskólabörn á Akureyri eru slysatryggð í skólanum og á leið í og úr skóla. Slysakostnaður er greiddur að því marki sem hann fæst ekki greiddur úr tryggingum heimilisins eða frá Tryggingastofnun ríkisins. Akureyrarbær greiðir fyrstu komu á slysavarðstofu eða til annarra sérfræðinga. Eigin áhætta foreldra í slysatjóni er kr. 25.000 en engin þegar um tannbrot er að ræða. Um aðrar tryggingar en slysatryggingar er ekki að ræða af hálfu skóla á Akureyri. Skólinn tekur ekki ábyrgð á og er ekki tryggður fyrir þjófnaði, skemmdum á fatnaði, fjármunum eða munum nemenda. Tjónþola ber að snúa sér til síns tryggingafélags eða lögreglu ef slík mál koma upp. Skólahjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á skráningu slysa og heldur yfirlit um þau.

Áfallahjálp

Í Giljaskóla hefur verið sett saman aðgerðaráætlun sem tekur til margvíslegra áfalla og gerir áfallateymi mögulegt að bregðast hratt og fumlaut við þegar áföll verða, bæði í upphafi og með eftirfylgd. Áætlunin tekur til áfalla sem nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemanda verða fyrir til dæmis af völdum:

- Dauðsfalla
- Slysa
- Alvarlegra og/eða langvarandi veikinda
- Eineltis, sjá sérstaka áætlun gegn einelti
- Annars sem samkvæmt mati áfallateymis veldur áfalli.

Áfallateymi

Við skólann starfar áfallateymi sem skipuleggur áfallahjálp meðal nemenda og starfsfólks skólans, lagar viðbrögð að aðstæðum hverju sinni og fer síðan yfir reynsluna til að læra megi af henni. Í áfallateymi/aðgerðateymi eru skólastjórnmendur og námsráðgjafi. Hlutverk starfsmanna í áfallateymi er að sinna fyrstu skrefum í sálrænum stuðningi, hlusta og sýna hluttekningu, vísa á aðila sem leita má til og í einhverjum tilvikum að fylgja einstaklingi fyrstu skrefin í lausnaleit. Allir starfsmenn hafa það hlutverk að styðja við samstarfsmenn og nemendur í vanda, sé eftir því leitað, en hið formlega hlutverk liggur hjá starfsmönnum áfallateymis.

Einstaklingar geta leitað til starfsmanna í áfallateymi vegna eigin vanlíðunar eða til að benda á samstarfsmenn eða nemendur sem þeir hafa áhyggjur af.

Aðgerðaáætlun við áföllum í Giljaskóla má finna [hér](#).

Jafnréttisáætlun Giljaskóla

Jafnréttisáætlun Giljaskóla er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008. Jafnréttisáætlun Akureyrarbæjar og Mannauðsstefna Akureyrarbæjar (<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/utgefid-efni/index/stefnur-og-aaetlanir>) tengjast einnig jafnréttisvinnu skólans. Jafnréttisáætlunin nær annars vegar til starfsfólks og hins vegar til nemenda.

Markmið

Giljaskóli leggur áherslu á jafnrétti einstaklinga með mannréttindi og margbreytileika að leiðarljósi. Stefna Giljaskóla er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns. Kynbundinni jafnréttisáætlun Giljaskóla er ætlað að vera mikilvægur liður í gæðaumbótum í skólanum þar sem aukið jafnrétti tryggir betri nýtingu mannauðs. Kynbundin mismunur er óheimil í hvaða formi sem hún birtist og stefna skólans er að útrýma slíkri mismunur. Skólastarf í anda jafnréttis á einnig að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda. Tækifæri nemenda eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé unnin og hún uppfærð samkvæmt lögum á þriggja ára fresti. Hann skipar jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa sem aðstoðar við framkvæmd stefnunnar og endurskoðun.

Jafnréttisáætlun Giljaskóla tók gildi í janúar 2019. Samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga skal endurskoða jafnréttisáætlanir á þriggja ára fresti. Endurskoðuð jafnréttisáætlun frá árinu 2023 má finna [hér](#)